

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

1. gr.

14. gr. breytist þannig:

Síðari málsliður ákvæðis 14.11 (2) orðist þannig:

Massi og dráttarmassi fólksbifreiðar telst innan leyfðra marka ef uppfyllt eru ákvæði EBE-tilskipunar nr. 92/21 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr.:

- a. Ákvæði 16.01 (5) orðist þannig:
Hvergi á aðalmynstri hjólbarða má mynstur þeirra vera undir tilskilinni dýpt. Aðalmynstur merkir grófa mynstrið á miðhluta slitflatarins sem þekur þrjá fjórðu (75%) af breidd hans.
- b. Lokamálsliður ákvæðis 16.10 (6) fellur brott.
- c. Ákvæði 16.11 (1) orðist þannig:
Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október skal fólksbifreið búin hjólbörðum með a.m.k. 1,6 mm mynstursdýpt. Á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl skal fólksbifreið búin hjólbörðum með a.m.k. 3,0 mm mynstursdýpt.
- d. Ákvæði 16.12 (1) orðist þannig:
Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október skal hópibifreið búin hjólbörðum með a.m.k. 1,6 mm mynstursdýpt. Á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl skal hópibifreið búin hjólbörðum með a.m.k. 3,0 mm mynstursdýpt.
- e. Ákvæði 16.14 (1) orðist þannig:
Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október skal vörubifreið búin hjólbörðum með a.m.k. 1,6 mm mynstursdýpt. Á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl skal vörubifreið búin hjólbörðum með a.m.k. 3,0 mm mynstursdýpt.
- f. Lokamálsliður ákvæðis 16.20 (3) fellur brott.
- g. Lokamálsliður ákvæðis 16.50 (3) fellur brott.
- h. Ákvæði 16.51 (1) orðist þannig:
Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október skal eftirvagn I sem gerður er fyrir meiri hraða en 30 km/klst, búinn hjólbörðum með a.m.k. 1,6 mm mynstursdýpt. Á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl skal eftirvagn I sem gerður er fyrir meiri hraða en 30 km/klst, búinn hjólbörðum með a.m.k. 3,0 mm mynstursdýpt.
- i. Ákvæði 16.53 (1) orðist þannig:
Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október skal eftirvagn III sem gerður er fyrir meiri hraða en 30 km/klst, búinn hjólbörðum með a.m.k. 1,6 mm mynstursdýpt. Á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl skal eftirvagn III sem gerður er fyrir meiri hraða en 30 km/klst, búinn hjólbörðum með a.m.k. 3,0 mm mynstursdýpt.
- j. Ákvæði 16.102 (3) orðist þannig:
Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október skal bifreið til neyðaraksturs búin hjólbörðum með a.m.k. 2,0 mm mynstursdýpt. Á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 14. apríl skal bifreið til neyðaraksturs búin hjólbörðum með a.m.k. 4,0 mm mynstursdýpt.

3. gr.

21. gr. breytist þannig:

Ákvæði 21.11 (2) orðist þannig:

Þyngd dráttarveislis á tengibúnað fólksbifreiðar telst innan marka ef uppfyllt eru ákvæði EBE-tilskipunar nr. 92/21 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr.:

- a. Síðari málslíður ákvæðis 22.11 (3) orðist þannig:
Þyngd og stærð fólksbifreiðar telst innan marka ef uppfyllt eru ákvæði EBE-tilskipunar nr. 92/21 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.
- b. Síðari málslíður ákvæðis 22.12 (7) orðist þannig:
Þyngd og stærð hópbifreiðar telst innan marka ef uppfyllt eru ákvæði EBE-tilskipunar nr. 97/27 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.
- c. Ákvæði 22.13 (4) orðist þannig:
Þyngd og stærð sendibifreiðar telst innan marka ef uppfyllt eru ákvæði EBE-tilskipunar nr. 97/27 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.
- d. Síðari málslíður ákvæðis 22.14 (3) orðist þannig:
Þyngd og stærð vörubifreiðar telst innan marka ef uppfyllt eru ákvæði EBE-tilskipunar nr. 97/27 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.
- e. Ákvæði 22.50 (3) orðist þannig:
Þyngd og stærð eftirvagns telst innan marka ef uppfyllt eru ákvæði EBE-tilskipunar nr. 97/27 eða EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.

5. gr.

Viðauki III breytist þannig:

Tafla undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“:

Aftast í töfluna, á eftir tölulið 45zzr, kemur nýr töluliður, 45zzu. Í reitina „Tölul.“, „Tilskipun / reglugerð“, „Efnisinnihald“ og „Reglugerðarákvæði“ kemur:

45zzu	1230/2012/ESB	Stærð og þyngd	14.11 (2), 21.11 (2), 22.11 (3), 22.12 (7), 22.13 (4), 22.50 (3)
-------	---------------	----------------	--

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauki IV:

Tafla undir fyrirsögninni „bifreiðar og eftirvagnar“:

- a. Í tölulið 45zu við tilskipun 692/2008/EB á eftir reglugerð 143/2013/ESB. Í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

195/2013/ESB	L 65, 8.3.2013	Birt í EES-viðbæti nr. 23, 10.4. 2014, bls. 327.
--------------	----------------	--

- b. Í tölulið 45zx við tilskipun 2007/46/EB á eftir reglugerð 143/2013/ESB. Í reitina „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“, kemur:

1230/2012/ESB	L 353, 21.12.2012	Birt í EES-viðbæti nr. 12, 27.2. 2014, bls. 32.
195/2013/ESB	L 65, 8.3.2013	Birt í EES-viðbæti nr. 23, 10.4. 2014, bls. 327.

- c. Aftast í töfluna, á eftir tölulið 45zzr, kemur nýr töluliður, 45zzu. Í reitina „Tölul.“, „Tilskipun / reglugerð“, „síðari viðbætur“, „Stjórnartíðindi EB“ og „EES-birting“ kemur:

45zzu	Stærð og þyngd 1230/2012/ESB		L 353, 21.12.2012	Birt í EES-viðbæti nr. 12, 27.2. 2014, bls. 32.
-------	---------------------------------	--	----------------------	--

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 60. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi, að undanskilinni 2. gr. sem skal taka gildi 1. nóvember 2014.

Innanríkisráðuneytinu, 21. júlí 2014.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. ágúst 2014